

Leikfélag Reykjavíkur: Sýningum á Landinu fer fækkandi

Sýningum fer nú öðum fækkandi á hinum vinsæla stríðsárasöngleik Kjartans Ragnarssonar og Atla Heimis Sveinssonar, Land míns föður, sem nú er kominn í röð vinsælustu sýninga Leikfélagsins fyrr og síðar.


Sem kunnugt er fjallar verkið um stríðsárin á Íslandi. Við fáum að fylgjast með kærustuparinu Báru og Sæla allt frá því breskur her stígur hér á land í stríðsbyrjun og þar til stríðinu lýkur og Ísland er orðið sjálfstætt lýðveldi.

Á fjórða tug leikara og dansara kemur fram í þessari kraftmiklu og skemmtilegu sýningu. Með stærstu hlutverkin fara Helgi Björnsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Ragnheiður Elfa Arnardóttir, Aðalsteinn Bergdal, Steinunn Ólína

Þorsteinsdóttir, Gísli Halldórsson, Bryndís Petra Bragadóttir, Edda V. Guðmundsdóttir og Þór Tuli-níus. Þá eru ótaldir leikarar sem fara með veruleg hlutverk en þeir eru: Guðmundur Pálsson, Steindór Hjörleifsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Jón Hjartarson, Soffía Jakobsdóttir, Karl Guðmundsson, Jakob Þór Einarsson, Kristján Franklín Magnús, Guðmundur Ólafsson, Elín Edda Árnadóttir, Pálína Jónsdóttir og Þróstur Leó Gunnarsson.

Hljómsveitarstjóri er Jóhann G. Jóhannsson, leikmynd er eftir Steindór Sigurðsson, búningana hannaði Guðrún Erla Geirsdóttir og dansahöfundur er Ólafía Bjarnleifsdóttir. Höfundurinn, Kjartan Ragnarsson, er jafnframt leikstjóri.

Sýningar verða í kvöld og á sunnudagskvöld.



Sem kunnugt er fjallar stríðsárasöngleikurinn Land míns föður um stríðsárin á Íslandi og fer hver að verða síðastur að sjá þá „dýrd“.

Kvikmyndahús – Kvikmyndahús

Bíóhúsið

Sjóræningjarnir (The Pirates) er gamaldags sjóræningjamynd með Walter Matthau í aðalhlutverki. Leikur hann gamlan sjóræningjaforingja sem lætur sér ekki allt fyrir brjosti brenna. Sjóræningjarnir voru óhemju dýr kvikmynd og til að mynda lét leikstjórinn Roman Polanski byggja sjóræningjaskip í fullri stærð og var enginn smákostnaður við það ævintýri. Tvennum sögum fer af gæðum hennar og sýnist sitt hverjum. Og nú er bara að sjá hvort Íslendingum líkar ævintýramynd Romans Polanski.

Bíóhöllin

Whoopi Goldberg er leikkona er hlaut heimsfræð fyrir leik sinni í Color Purple, dramatískri mynd sem Steven Spielberg stjórnaði. Goldberg er aðallega þekkt sem gamanleikkona og í nýjstu mynd sinni, Njónaranum (Jumpin Jack Flash), sýnir hún hvað í henni býr í bitastæðu hlutverki fyrir gamanleikkonu. Af öðrum myndum í Bíóhöllinni má nefna úrvalshryllingsmyndina Fluguna (The Fly), mynd sem fær hárin til að rísa á höfði áhorfandans og Góða gæja (Tough Guys) þar sem gömlu brýn-

in Kirk Douglas og Burt Lancaster fara á kostum.

Regnboginn

Skyttarnar er ný, íslensk kvikmynd. Leikstjóri er Friðrik Þór Friðriksson. Skyttarnar fjalla um tvo sjómenn sem eru að koma af vertíð. Myndin hefst um borð í hvalveiðibát. Leið sjómannanna liggur til Reykjavíkur þar sem þeir lenda í mörgum ævintýrum sem enda á örlagaríkan hátt fyrir þá. Þessa tvo sjómenn leika áhugaleikararnir Þórarinn Óskar Þórarinsson og Eggert Guðmundsson og hafa þeir fengið almennt lof fyrir túlkun sína.

Stjörnubíó

Stattu með mér (Stand by Me) er nýjasta kvikmyndin gerð eftir ritverki Stephens King. Í þetta skiptið er það smásagan Líkið sem orðið hefur fyrir valinu. Fjallar hún um fjóra þrettán ára drengi sem fylgjast af áhuga með fréttum af hvarfi drengs. Þegar þeir heyra orðróm um líkfund ákveða þeir að verða fyrstir til að finna líkið. Mynd þessi hefur fengið góða dóma vestanhafs og verið vel sótt. Leikstjóri er Rob Reiner.



Háskólabíó

Trúboðsstöðin

Frumkýnd verður á morgun ein þeirra kvikmynda sem tilnefnd er sem besta mynd við næstu óskarsverðlaunaafhendingu. Er þetta Trúboðsstöðin (The Mission) sem leikstýrð er af Roland Joffé sem síðast stjórnaði hinni rómuðu mynd, The Killing Fields. Þess má geta að Trúboðsstöðin fékk verðlaun sem besta mynd á Cannes í fyrra.

Trúboðsstöðin gerist á átjándu öld í Suður-Ameríku og fjallar að-

allega um samskipti tveggja ólíkra manna, föður Gabriels, sem er kaþólskur prestur, og Mendoza sem er þrælaskali í byrjun myndarinnar. En presturinn hefur áhrif á hann til betri vegar.

Flestir eru sammála um að Robert De Niro og Jeremy Irons sýni báðir stórgóðan leik í aðalhlutverkunum. Þess má svo geta að frumsýningin á morgun er styrktarsýning.

Tónabíó

Vitisbúðir (Hell Camp) er um hermenn í æfingabúðum og ævintýri þeirra. Aðalhlutverkin leika Tom Skeritt og Lisa Eichorn. Þetta er mynd fyrir þá sem láta sér nægja hasar án þess að efnisþráður skipti miklu.

Austurbæjarbíó

Myndir Andreis Konchalovsky eru svo sannarlega snemma á ferðinni hérlandis. Brostinn strengur (Duet for One) er alveg glæný og samt komin hingað. Fjallar myndin um fiðluleikara sem kemst að því að hrönnunarsjúkdómur muni brátt hindra hana í að leika á hljóðfæri sitt. Breytir þetta viðhorfi hennar til lífsins. Örvænting heltekur hana og verður til þess að hún gerir ýmsa hluti sem henni hefði aldrei dottið í hug að gera. Julie Andrews sýnir stórleik í hlutverki fiðluleikarans.

Laugarásbíó

Hollenski leikarinn Rutger Hau-er leikur aðalhlutverkið í spennu- myndinni Eftirlýstur lífs eða líðinn (Wanted Dead or Alive). Leikur hann þar mannaveiðara sem eltir uppi hryðjuverkamenn með góðum árangri. Þá má nefna að Laugarásbíó sýnir enn úrvalsmyndina Lagarefi (Legal Eagles) með úrvalsleikurunum Robert Redford og Debra Winger í aðalhlutverkum. -HK

Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús

Sýningar

Galleri Langbrók, Textíl, Bókhöfundastíg 2

Eina textílgalleríið á landinu. Vefnaður, tauprykk, myndverk, fatnaður og ýmiss konar listmunir. Opíð þriðjudaga til föstudaga kl. 14-18 og laugardaga kl. 11-14.

Kjarvalsstaðir við Miklatún

Allnýstárleg myndlistarsýning ungs fólks stendur yfir að Kjarvalsstöðum. Þar er um að ræða samsýningu rúmlega 70 myndlistarmanna, 35 ára og yngri, sem haldin er á vegum IBM á Íslandi í tilefni 20 ára afmælis fyrirtækisins hér á landi. Þarna gefur að líta á þriðja hundrað listaverk og eru öll til sölu. Sýningin er opin alla daga kl. 14-22 til 8. mars í báðum sýningar-sölum Kjarvalsstaða

Mokkakaffi, Skólavörðustíg 3a

Um þessar mundir sýnir Þóra Sigurðardóttir 40 myndir á Mokka sem allar eru unnar á þessu og síðasta ári. Þóra stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistarskólann í Reykjavík á árunum 1975-81.

Norræna húsið, Hringbraut

Í anddyri hússins hefur verið opnuð sýning sem ber yfirskriftina Norrænar ljósmyndir 85. Á sýningunni er úrval mynda eftir ljósmyndara frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með sýningunni er að sýna listræna ljósmyndun frá sem flestum sjónarhornum og að styrkja stöðu ljósmyndalistarinnar með tilliti til annarra greina myndlistarinnar. Sýningin er opin á opnunartíma hússins kl. 9-19 alla daga nema sunnudaga kl. 12-19 til 23. mars.

Listasafn ASÍ, Grensásvegi 16

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað í

Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru verk frá liðlega síðustu tveimur árum. Síðast hélt hún einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984 en hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis. Sýning Ásgerðar stendur til 15. mars og er opin daglega kl. 14-18, nema á sunnudögum kl. 14-22.

Listasafn Einars Jónssonar við Njarðargötu

er opíð alla daga nema mánudaga frá kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin daglega frá kl. 10-17.

Listasafn Háskóla Íslands

í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opíð daglega kl. 13.30-17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands

Þar stendur yfir yfirlitssýning á verkum Valtýs Péturssonar. Sýningin spannar allan listeril Valtýs allt frá því að hann var

við nám í Bandaríkjunum 1944-46 til verka frá þessu ári. Er þar alls 127 verk, olíu- myndir, mósaik og gvassmyndir. Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá og litprentað plakát. Sýningin er opin virka daga frá kl. 13.30-18 en kl. 13.30-22 um helgar.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns, Einholti 4.

Opíð á sunnudögum kl. 14-16. Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3b

Þar stendur yfir sýning á verkum Helga Valgeirssonar, Guðrúnar Láru Halldórsdóttur og Kristins Guðbrands Harðarsonar. Helgi sýnir rýmisverk (installation), unnið á þessu ári. Guðrún sýnir 6-7 olíumálverk og Kristinn sýnir 43 dúkrstur. Sýningin er opin til 8. mars og er opin daglega kl. 16-20 en um helgar kl. 14-20.

Stofnun Árna Magnússonar

Handritasýning opin á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum frá kl. 14-16.

Þjóðminjasafnið

Í Bogasal Þjóðminjasafnsins stendur yfir sýning á 32 vaxmyndum af þekktum mönnum, íslenskum og erlendum. Vaxmyndasafnið var fyrst opnað í húsnæðni Þjóðminjasafns 14. júlí 1951 og var það til sýnis í 20 ár en síðan hafa myndirnar verið í geymslu. Vegna mikillar eftirspurnar hefur nú verið ákveðið að sýna vaxmyndasafnið um tíma. Vaxmyndirnar eru til sýnis á venjulegum opnunartíma Þjóðminjasafnsins, þ.e. þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Aðgangseyrir er kr. 50 en ókeypis fyrir börn og ellilífeyrisþega.

Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8, Hafnarfirði

Opíð þriðjudaga til sunnudaga kl. 14-18.

Sæðyrasafnið

Opíð alla daga kl. 10-17.

Póst- og símaminjasafnið, Austurgötu 11

Opíð á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.